

# Efldar varnir gegn plöntusjúkdómum og meindýrum

Skýrsla vinnuhóps landbúnaðarráðherra

Reykjavík  
Febrúar 2000

## Efnisyfirlit

	Síða
SAMANDREGIÐ YFIRLIT .....	3
INNGANGUR .....	3
1. NÚVERANDI STAÐA .....	3
1.1 Gildandi lög og reglugerðir .....	3
1.2 Undanþágur .....	4
1.3 Framkvæmd eftirlits .....	4
1.4 Fjármál .....	5
1.5 “Nýir” skaðvaldar .....	6
2. MARKMIÐ OG LEIÐIR .....	11
2.1 Hvernig má minnka hættuna á að skaðvaldar komi inn með innfluttum plöntum og plöntuafurðum? .....	11
2.1.1 Inngangur .....	11
2.1.2 Ályktun .....	11
2.2 Hvernig má minnka hættuna á að skaðvaldar sem koma inn nái fótfestu til frambúðar? .....	12
2.2.1 Inngangur .....	12
2.2.2 Ályktun .....	12
2.3 Hvernig má bæta möguleika okkar á að útrýma skaðvöldum sem borist hafa til landsins? .....	13
2.3.1 Inngangur .....	13
2.3.2 Samanburður við dýrasjúkdóma .....	13
2.3.3 Ályktun .....	14
3. TILLÖGUR VINNUHÓPSINS .....	14

## Samandregið yfirlit

*Vinnuhópur sem landbúnaðarráðherra skipaði síðastliðið haust hefur skoðað það eftirlit sem er með innflutningi plantna og plöntuafurða. Hópurinn telur að breyta þurfi innflutningsreglugerðinni og setja þar ákvæði um innflutning notaðra búvéla og gróðurhúsa og útreka þar skyldu manna að tilkynna um nýja og hættulega skaðvalda. Kynna þarf betur fyrir almenningi og ferðamönnum hvaða reglur gilda. Lagt er til að hætt verði undanþágum til innflutnings á garðfurum og reynt að takmarka eins og hægt er undanþágur fyrir rauðgreni. Lagt er til að sett verði sérstök reglugerð er taki til sjúkdómavarna innanlands þar sem m.a. sé kveðið á um að þeir ræktendur er flytja inn plöntur eða plöntuhluta til framhaldsræktunar þurfi til þess leyfi og lúti innra sem opinberu eftirliti. Lagt er til að komið verði á fót plöntusjúkdómanefnd er fjalli m.a. um útrýmingaraðgerðir. Loks leggur vinnuhópurinn til að tryggt verði aukið fé til Plöntueftirlitsins og að tekin verði frá ákveðin upphæð á fjárlögum til útrýmingaraðgerða.*

## Inngangur

Á síðastliðnu hausti skipaði landbúnaðarráðherra vinnuhóp til að gera úttekt á vörnum gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum og leggja fram tillögur um hert eftirlit með innflutningi og um nauðsynlegar aðgerðir þegar upp koma ný vandamál. Nefndin var þannig skipuð:

Sigurgeir Ólafsson, fulltrúi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og var hann jafnframt skipaður formaður, Guðmundur Halldórsson, fulltrúi Skógræktar ríkisins, Helgi Jóhannesson, fulltrúi Sambands garðyrkjubænda, Magnús Ágústsson, fulltrúi Bændasamtaka Íslands og Úlfur Óskarsson, fulltrúi Landgræðslu ríkisins.

Á undanförunum árum hafa öðru hvoru borist nýir skaðvaldar í innlenda ræktun. Í sumum tilvikum hefur smit borist með innflutningi plantna og í öðrum tilvikum hugsanlega eftir öðrum leiðum. Möguleikar á skjótum viðbrögðum til útrýmingar hafa verið takmarkaðir einkum þar sem ekkert fé hefur verið til ráðstöfunar í þessum tilgangi. Gætir þar mikils ósamræmis milli dýrasjúkdóma og plöntusjúkdóma.

## 1. Núverandi staða

### 1.1 Gildandi lög og reglugerðir

Lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum eru frá árinu 1981 (nr. 51/1981). Árið 1990 var bætt inn í lögin heimild til innheimtu eftirlitsgjalds af innflutningi plantna og plöntuafurða (lög nr. 59/1990).

Núgildandi innflutningsreglur er að finna í reglugerð nr. 189 frá 1990 um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum ásamt tveimur síðari breytingum. Fyrri breytingin var gerð 20. febrúar 1995 (nr. 123/1995) þar sem 4. gr. f)-lið var breytt, einkum í þeim tilgangi að hindra innflutning nýsjálenska flatormsins (*Artioposthia triangulata*) en hann leggst á ánamaðka og hefur þannig óbein áhrif á þrif plantna. Einnig var fellt út ákvæði sem takmarkaði innflutning á *Sphagnum*-mold við Evrópu og opnað fyrir innflutning frá m.a. Kanada. Síðari breytingin var gerð árið 1998 (nr. 91/1998). Þar var bætt inn tegundinni *Duponchelia fovealis* (kanarímöl) inn í viðauka I en sú tegund hafði borist í eina garðyrkjustöð hér á landi og valdið þó nokkrum erfiðleikum. Einnig var viðauka IV breytt til að reyna að verjast

kartöflumyglu og samtímis fellt niður ákvæði um sölu jólatrjáa sem reynst hafði erfitt í framkvæmd.

## 1.2 Undanþágur

Í 9. gr. reglugerðar 189/1990 er heimild fyrir landbúnaðarráðuneytið til að veita undanþágur frá ákvæðum hennar að fenginni umsögn sérfræðings Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í plöntusjúkdómum. Veittar hafa verið nokkrar árvissar undanþágur frá bannlistanum í viðauka III (listi yfir plöntur sem bannað er að flytja til landsins).

Fyrir jólin hefur verið heimilaður innflutningur á afskornum greinum af svokallaðri silkifuru, en það er 5-nála fura með löngum, mjúkum nálum m.a. af tegundunum *Pinus strobus* og *P. peuce*. Hefur sá innflutningur numið um 4000 kg á ári undanfarin ár. Einnig hefur verið heimilaður innflutningur á stórum rauðgrenitjám (*Picea abies*). Er þar um að ræða gjafatré frá vinabæjum erlendis ásamt nokkrum til viðbótar er höfð eru á torgum og við verslanamiðstöðvar. Hefur sá innflutningur verið á bilinu 20-40 tré á ári. Engin undanþága hefur verið veitt fyrir smærri rauðgrenitré.

Þegar reglugerð 189/1990 og bannlisti hennar, viðauki III, tók gildi, var tekið fyrir innflutning garðplöntustöðva á fjölmörgum trjategundum. Til að milda þau áhrif var ákveðið fyrst um sinn að veita undanþágu fyrir hægvoxta garðfurur af tegundinni *Pinus mugo*, einkum fjallafuru (*P. mugo* var. *mughus*) og dvergufuru (*P. mugo* var. *pumilio*) en nokkur hefð var orðin fyrir innflutningi þeirra. Á síðasta ári voru fluttar inn rúmlega 2000 slíkar garðfurur.

Til að fá inn nýjar arfgerðir af þeim tegundum sem á bannlistanum standa, hafa verið veittar nokkrar undanþágur til þeirra er farið hafa í söfnunarferðir erlendis og hefur sá efniviður þá verið undir umsjón á opinberum stofnunum fyrstu árin. Einnig eru dæmi um að einstakar garðplöntustöðvar hafa fengið að flytja inn til fjölgunar örfáa græðlinga af arfgerðum sem ekki voru til fyrir.

Þegar trjávinnslufyrirtækið Aldin hóf rekstur á Húsavík árið 1996 var veitt undanþága til innflutnings á trjábolum með berki af nokkrum þeirra trjategunda sem bannað er að flytja inn skv. viðauka III. Þessari undanþágu var síðan breytt árið 1997 og fallið frá innflutningi banntegunda og einungis veitt undanþága frá kröfunni um heilbrigðisvottorð fyrir nokkrar harðviðartegundir; eik (*Quercus*), hlyn (*Acer*) og kirsuberjavið (*Prunus*). Þessi undanþága var nýlega endurnýjuð í nafni Íslensks harðviðar, þess fyrirtækis sem tók við rekstrinum af Aldin, og sams konar undanþága einnig veitt fyrir ask (*Fraxinus*).

## 1.3 Framkvæmd eftirlits

Plöntueftirlit RALA fær upplýsingar um komu allra plöntusendinga, þar sem heilbrigðisvottorðs er krafist (sbr. 5. gr. reglugerðar 189/1990). Tollurinn á ekki að afhenda slíkar sendingar nema vottorð séu árituð af RALA. Samkvæmt 8. gr. reglugerðar 189/1990 getur RALA í vissum tilvikum veitt undanþágu frá kröfunni um vottorð en þeirri stefnu hefur verið fylgt að gera það eingöngu í þeim tilvikum þegar varan er ekki talin geta borið með sér hættulega skaðvalda en vottorðs er krafist vegna þess hvernig varan tollflokast. Dæmi um þetta eru sáðgró og sáðmygla fyrir svepparækt, mosi sem þurkaður hefur verið eða meðhöndlaður með efnum og plöntur sem eru dauðar og meðhöndlaðar með efnum svo þær haldist sem ferskar væru. Reglugerð 189/1990 heimilar í litlum mæli innflutning án heilbrigðisvottorðs (sjá 5. gr.). Er hér um að ræða plöntur og plöntuafurðir sem farþegar í

millilandaferðum mega taka með sér og það sem senda má milli landa í póstsendingum.

Innflytjendur senda vottorð til Plöntueftirlitsins gegnum bréfsíma. Árið 1998 bárust þannig alls 1257 heilbrigðisvottorð til samþykktar og 1135 vottorð árið 1999. Í 1. töflu sést hvernig þau dreifðust á mismunandi afurðir:

**1. tafla.** Fjöldi vottorða (sendinga) sem bárust Plöntueftirlitinu til áritunar árin 1998 og 1999.

Tegund innflutnings	1998	1999
Græðlingar og smáplöntur	224	294
Blómlaukar og rótarnýði	148	149
Pottaplöntur	37	39
Garðplöntur, tré og runnar	39	41
Afskorin blóm og greinar	459	364
Jólatré og barrgreinar	45	51
Útsæðiskartöflur	10	7
Matar- og verksmiðjukartöflur	171	77
Mold	36	35
Lífrænar varnir	88	78
Samtals	1257	1135

Áður en vottorð eru árituð er tekin ákvörðun um hvort sendingin skuli skoðuð eða ekki. Sé hún ekki skoðuð er vottorðið áritað og sent innflytjanda aftur um bréfsíma. Tollurinn afhendir síðan vöruna út á þetta símbréf af árituðu vottorði en krefst síðan frumrits við endanlega tollafgreiðslu. Áætlað er að um 4-5% sendinga séu skoðaðar og er það mest tilviljun sem ræður hvaða sendingar eru skoðaðar en einnig er oft fylgt eftir skoðun komi upp vandamál með ákveðnar tegundir. Reynist sendingin ekki uppfylla þær kröfur sem gerðar eru, er henni vísað frá og innflytjanda gefinn kostur á að endursenda vöruna eða láta eyða henni hér.

Ljóst er að þessi framkvæmd eftirlitsins krefst nánast 100 % viðveru hjá Plöntueftirlitinu. Vottorð berast oft stuttu áður en afhending þarf að eiga sér stað og varan oft viðkvæm og þolir ekki langa bið.

#### 1.4 Fjármál

Með lögum nr. 59 frá 15. maí 1990 um breytingu á lögum nr. 51 frá 29. maí 1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum fékkst lagaheimild til að innheimta af öllum innfluttum plöntum eftirlitsgjald að hámarki 2% af tollverði vörunnar. Eftirlitsgjald þetta skal standa straum af kostnaði við eftirlit með innflutningi plantna. Með reglugerð nr. 110 frá 24. mars 1992 um innheimtu eftirlitsgjalds af innflutningi plantna var reynt að miða gjaldtökuna við þá hættu fyrir innlenda ræktun sem af innflutningi viðkomandi vöru var talin stafa með tilliti til sjúkdóma og meindýra og þar með þá áherslu sem leggja þyrfti á eftirlit með innflutningi hennar. Þannig var ekkert gjald tekið af ávaxtategundum sem ekki eru ræktaðar hér á landi. Af grænmetistegundum sem hér eru ræktaðar var tekið 1% gjald. Af plöntum og plöntuhlutum til framhaldsræktunar, afskornum blómum og greinum og kartöflum er tekið 2% gjald. Tollstjórar annast innheimtu gjaldsins.

Forsendur fyrir áhættumati geta að sjálfsögðu breyst og má nefna sem dæmi að síaukin jarðvegsgerð almennings getur gefið sumum tegundum skaðvalda betri

möguleika á að ná hér fótfestu. Nú er það algengara en áður að skemmt, innflutt grænmeti og garðávextir lendi í safnhaugum heimilanna í stað sorptunnunnar. Þar með eru meiri líkur á að m.a. skordýr sem þroskast og yfirvetra í jarðvegi nái sér á skrið hér á landi. Gulrótarflugan er einmitt meindýr sem gæti hafa byrjað á þennan hátt.

Samtals hefur innheimta eftirlitsgjaldsins skilað 7-8 milljónum kr. á ári til RALA undanfarin ár og rennur sú upphæð öll til Plöntueftirlitsins. Eftirlitið fær ekkert af fjárlagafé stofnunarinnar til sinnar starfssemi. Lítið svigrúm er til að auka tekjur af innflutningseftirlitinu. Enn hefur þó ekki verið tekið eftirlitsgjald af innflutningi trjáviðar með berki til verksmiðjunnar á Húsavík en eðlilegt er að það verði gert verði framhald á þeim innflutningi. Benda má á að aðfangaeftirlit á vegum ráðuneytisins fær af fjárlögum árið 2000 rúmar 13 milljónir kr.

Lítið hefur verið svo á að eftirlit með garðyrkjustöðvum sem reglulega flytja inn plöntur og útrýmingaraðgerðir vegna nýrra skaðvalda sem sleppa inn sé hluti af innflutningseftirlitinu. Einnig má rökstyðja það að þegar kartöflumygla finnst ekki í landinu og nýtt smit hljóti þá að koma með innfluttu útsæði þá sé mygluvakt einnig hluti af þessu eftirliti.

Auk eftirlits með innflutningi og útflutningi plantna annast Plöntueftirlitið einnig framkvæmd reglugerðar nr. 401 frá 1999 um kartöfluútsæði. Það starf hefur verið fjármagnað sérstaklega með styrkjum úr Garðávaxtasjóði sem er í vörslu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Útsæðisreglugerðin fellur vel að markmiðum Plöntueftirlitsins því hún er verkfæri í baráttunni við m.a. hringrot og hnúðorm.

Við Plöntueftirlitið eru unnin um 2,5 ársverk auk lítilsháttar aðkeyprar vinnu. Við eftirlitið starfa 3 starfsmenn; einn sérfræðingur og forstöðumaður, aðstoðarsérfræðingur að hálfu leyti og rannsóknamaður. Vinna sem fellur undir innflutningseftirlitið nam árið 1999 alls um 1,4 ársverki. Erfitt er að aðgreina nákvæmlega kostnað við innflutningseftirlitið frá öðru starfi Plöntueftirlitsins en gróflega má áætla launakostnað kr. 3.800.000, rekstrarkostnað kr. 2.000.000 og greiðslu fyrir aðstöðu kr. 1.000.000.

### 1.5 „Nýir“ skaðvaldar

Í 2. töflu eru listaðir þeir skaðvaldar sem eru nýlega komnir til landsins og sem á þessari stundu eru taldir það hættulegir að ástæða sé til að reyna að takmarka útbreiðslu þeirra eða útrýma þeim. Þar á meðal er einnig kartöfluhnúðormurinn sem fannst hér fyrst 1953 en hann hefur enn ekki náð neinni útbreiðslu hjá kartöflubændum og því talin full ástæða til að takmarka frekari útbreiðslu hans. Auk þessara 10 skaðvalda hafa nokkrir til viðbótar fundist á barrtrjám en erfitt er að segja til um skaðsemi þeirra á þessari stundu.

Oft er erfitt að fullyrða um hvernig ákveðnir skaðvaldar hafa borist til landsins. Af þeim 10 skaðvöldum sem nefndir eru í 2. töflu er þó hægt að fullyrða að 5 þeirra hafi borist með plöntum; kartöfluhnúðormur, kartöfluhringrot, blómakögurvængjan, gangaflugan og kanarímölur. Líklegt er að kartöflumygla og gulrótarflugan hafi borist með plöntum en erfitt er að segja til um gúrkumjólsvæppinn, gljávíðiryðið og asparryðið.

Möguleikar á útrýmingu skaðvalda fara mjög eftir þeirri útbreiðslu sem þeir hafa þegar náð, dreifingarmáta, fjölda hýsilplantna, lífsmöguleika þeirra utan dýra o.fl. Ljóst er að auðveldara er að eiga við skaðvalda sem eingöngu lifa í gróðurhúsum en þá sem lifa á gróðri úti og dreifast jafnvel með vindi langar leiðir.

**2. tafla.** Nýir og eldri skaðvaldar á plöntum hér á landi sem reynt er að takmarka útbreiðslu á eða útrýma.

Skaðvaldur	Útbreiðsla	Dreifingarmáti	Aðgerðir
<b>Kartöfluhnúðormur</b> ( <i>Globodera rostochiensis</i> og <i>G. pallida</i> )	Fannst fyrst 1953 og var þá þegar útbreiddur á sv-horni landsins og í heit-um görðum um allt land. Gæti hugsanlega hafa borist með matarkartöfl-um á stríðsárunum. Nú síðustu árin er hann mjög útbreiddur í heimilisgöörðum og almenningsgarðlöndum á höfuðborgarsvæðinu. Enn hafa mikilvægustu kartöfluræktarsvæðin sloppið	Með útsæði, einkum þegar menn fá frá vinum og kunningjum, en einnig keyptum matarkartöflum ef þær eru settar niður. Með jarðvegi úr smituðum göörðum, s.s. með jarðvinnslutækjum og notuðum umbúðum	Útsæðisreglugerðin gerir kröfu um að tekin séu jarðvegssýni hjá þeim er hafa útsæðisleyfi. Vegna aðgerða innflutningseftirlitsins eru matarkartöflur yfirleitt fluttar inn þvegnar
<b>Kartöfluhringrot</b> ( <i>Clavibacter michiganensis</i> subsp. <i>sepedonicus</i> )	Fannst fyrst 1984 og náði talsverðri útbreiðslu á Suðurlandi og í Eyjafirði. Talið er að sjúk-dómurinn hafi borist með innfluttum útsæðiskartöflum vorið 1982. Greinist öðru hvoru hjá einstaka útsæðisleyfishafa og er áætlað hjá um 20% matarkartöflurframleiðenda á Suðurlandi. Síðan 1994 hefur smit greinst hjá 2 útsæðisleyfishöfum af 35 og eru þeir báðir á Suðurlandi og hjá báðum hefur greinst smit áður. Ekki greindist smit 1999	Með útsæði og vélum er snerta og skadda kartöflurnar, s.s. niðursetningavélum, upptökuvélum og flokkunarvélum	Útsæðisreglugerðin gerir kröfu um árlega sýnatöku hjá útsæðisleyfishöfum. Ef smit greinist missa menn leyfið

Skaðvaldur	Útbreiðsla	Dreifingarmáti	Aðgerðir
<b>Kartöflumygla</b> ( <i>Phytophthora infestans</i> )	Eftir 7 ár án myglu fannst hún sumarið 1999 í Árnes- og Rangárvallarsýslu. Smit hefur að öllum líkindum borist með innfluttum útsæðis-kartöflum vorið 1999	Með útsæði og síðan með vindi þegar faraldur hefst	Í reglugerð 189/1990 er reynt að draga úr líkum á að mygla berist með útsæðinu. Eina örugga vörmin þó væri að banna innflutning á útsæði. Með innlendi framléiðslu á Premiere-útsæði mun minnka þörf á innflutningi á næstu árum
<b>Blómakögurvængjan</b> (blómatrips) ( <i>Frankliniella occidentalis</i> )	Fannst hér fyrst 1988. Talið er að hún hafi fyrst borist með hálfvillbúnum pottaplöntum frá Hollandi. Við úttekt á árunum 1994 og 1995 fannst hún í 22 garðyrkjustöðvum, þar af 2 með grænmeti. Árið 1998 var vitað um hana í 10 stöðvum og árið 1999 á alls 6 stöðvum. Ekki hefur blómakögurvængjan fundist í grænmeti síðan 1994	Þar sem kögurvængja þessi er mjög útbreidd erlendis má búast við að hún komi öðru hvoru með smáplöntum og græðlingum. Mest er af kögurvængjunni í blómstrandi pottaplöntum og afskornum blómum og með þeim berst hún innanlands. Ef mikil mergð verður eins og getur orðið í grænmetishúsum geta kögurvængjur borist milli nálægra stöðva um loftið eða með umgangi	Innflutningsreglugerðin. Fylgst er með smituum stöðvum og reynt að sjá til þess að til séu varnarefni er virka á tripsið



Skaðvaldur	Útbreiðsla	Dreifingarmáti	Aðgerðir
<b>Gangaflugan</b> ( <i>Liryomyza</i> <i>huidobrensis</i> )	Gangafluga þessi fannst hér fyrst sumarið 1997 og þá í 6 garðyrkjustöðvum. Tókst að útrýma henni í þeim öllum. Vorið 1998 fannst hún í Hveragerði og hafði náð að breiðast út frá einni stöð. Hún lifði utandyra í Hveragerði um sumarið og fór inn í nánast öll gróðurhús og var um haustið skráð í um 25 stöðvum. Ekki tókst að útrýma henni síðastliðinn vetur og haustið 1999 var vitað um hana í 6 stöðvum	Með smáplöntum og pottaplöntum. Þegar hlýtt er úti getur hún flogið milli nálægra stöðva og hún getur lifað úti á hlýju sumri	Innflutningsreglugerðin. Fylgst er með smituðum stöðvum og útveguð varnarefni er best duga. Markmiðið er að útrýma gangaflugunni á yfirstandandi vetri
<b>Kanarímölur</b> ( <i>Duponchelia</i> <i>fovealis</i> )	Fiðrildi þetta fannst fyrst haustið 1997 í einni garðyrkjustöð og hefur ekki enn tekist að útrýma því með vissu. Á síðasta ári tókst að halda því í algjöru lágmarki. Það hefur ekki fundist í öðrum stöðvum	Með smáplöntum. Getur einnig flogið milli nálægra stöðva	Innflutningsreglugerðin. Fylgst með stöðinni og aðstoðað við að útvega varnarefni
<b>Gúrkumjöl-sveppur</b> ( <i>Sphaerotheca</i> <i>fuliginea</i> )	Sjúkdómurinn kom upp haustið 1998 í einni stöð. Óvíst er hvernig hann barst til landsins. Í júní 1999 fannst hann í 5 stöðvum til viðbótar	Berst með vindi milli nálægra stöðva og jafnvel lengri vegalengdir. Einnig með umgangi manna og dýra milli stöðva. Ef unglöntur fara milli stöðva getur sjúkdómurinn hæglega borist með þeim	Innflutningsreglugerðin bannar innflutning á gúrkuplöntum. Reynt var að tryggja mönnum varnarefni gegn mjöl-sveppnum meðan á ræktun stóð. Nú í vetur er reynt að tryggja að allar gúrkustöðvar séu gúrkulausar í minnst 14 daga á tímabilinu 1.11. – 15.12. og stöðvarnar hreinsaðar

Skaðvaldur	Útbreiðsla	Dreifingarmáti	Aðgerðir
<b>Gulrótarflugan</b> ( <i>Psila rosae</i> )	Síðastliðin 3 ár hefur borið á maðk-skemmdum í gulrótum á höfuðborgarsvæðinu og líkist maðkurinn mjög lifru gulrótarflugunnar. Sjálf flugan greindist eftir klak úr púpu síðastliðið haust. Skemmdar gulrætur hafa borist úr Fossvoginum, vesturbæ Reykjavíkur og Laugardal	Með flugi og vindi einhverjar vegalengdir. Maðkar geta borist með skemmdum gulrótum og í safnhaugum geta þeir púpað sig og vetrað	Grein í Bændablaðinu nú og síðan í Morgunblaðinu fyrir vorið. Hvatt til þess að rækta ekki gulrætur á höfuðborgarsvæðinu nema undir dúk
<b>Gljávíðiryð</b> ( <i>Melampsora larici-pentandrae</i> )	Þessi ryðsveppur fannst fyrst hér á landi á Höfn í Hornafirði árið 1994. Tilgáta er að smit hafi borist með loftstraumum eða með fuglum. Sumarið 1998 fannst sjúkdómurinn á Selfossi og nú í sumar var hann einnig útbreiddur í Hveragerði og hefur nú fundist á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum	Með plöntum og með vindi	Ekki eru nein tók á að hefta útbreiðslu sjúkdómsins en reynt verður að samræma leiðbeiningar til almennings um varnir
<b>Asparryð</b> ( <i>Melampsora larici-populina</i> )	Asparryð fannst fyrst hér á landi sumarið 1999 í Hveragerði, Ölfusi og á Selfossi og er ekki vitað um það með vissu víðar	Með plöntum og með vindi	Ekki eru tók á að hefta útbreiðslu sjúkdómsins svo tryggt sé að árangur náist en gerð verður tilraun með úðun lerkitrjáa næsta vor og reynt að samræma leiðbeiningar til almennings

## 2. Markmið og leiðir

Nefndin kaus að skipta verkefninu upp í 3 hluta og leita leiða að eftirfarandi markmiðum:

- 2.1 *Hvernig minnka megi hættuna á að skaðvaldar komi inn með innfluttum plöntum og plöntuafurðum.*
- 2.2 *Hvernig minnka megi hættuna á að skaðvaldar sem koma inn nái fótfestu til frambúðar.*
- 2.3 *Hvernig bæta megi möguleika okkar á að útrýma skaðvöldum sem borist hafa til landsins.*

2.1 Hvernig má minnka hættuna á að skaðvaldar komi inn með innfluttum plöntum og plöntuafurðum?

### 2.1.1 Inngangur

Nefndin skoðaði til samanburðar innflutningsreglur Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Reglur Danmerkur og Svíþjóðar eru í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins (77/93) en Noregur stendur eins og Ísland utan ES. Norðmenn eru nú að vinna að endurskoðun á sínum plöntusjúkdómalögum og reglugerðum og lýkur þeirri endurskoðun á þessu ári. Áhugavert verður að sjá hvernig þeir sníða sína löggjöf en heyrst hefur að þeir muni aðlaga hana að einhverju leyti löggjöf ES. Áætlað er að drög að þeirri löggjöf verði opinberuð í mars nk.

### 2.1.2 Ályktun

Nefndin er þeirrar skoðunar að allar æskilegar breytingar rúmist innan núgildandi plöntusjúkdómalaga. Reglugerð 189/1990 þjónar sínum tilgangi vel og ætti ekki að þurfa að breyta henni verulega. Þó má benda á að ekki er þar tekið á innflutningi notaðra búvéla eða notaðra gróðurhúsa. Sú skylda að tilkynna til Plöntuefirlitsins þegar menn verða varir við skaðvalda er listaðir eru í viðauka I þarf að koma fram í reglugerðinni eins og í lögunum. Einnig þarf að meta hvort ástæða sé til að setja inn nýjar kröfur vegna innflutnings á trjáviði sem eru meira í samræmi við þær kröfur er gerðar eru í Evrópu. Nefndin telur að reglugerð þessi eigi einungis að fjalla um inn- og útflutning plantna. Kjósi menn að setja reglur er varða plönturnar eftir að þær hafa verið fluttar inn er lagt til að sett verði sérstök reglugerð þar að lútandi.

Varðandi framkvæmd efirlitsins væri æskilegt að auka tíðni vöruskoðana sérstaklega á smáplöntum og græðlingum til garðyrkjustöðva og útsæðis til kartöflubænda. Koma þarf betur á framfæri gagnvart almenningi og ferðamönnum sérstaklega hvaða reglur gilda um innflutning plantna og hvaða hættu fylgir því að brjóta þær reglur. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi bannlistans í viðauka III og hvetur til þess að hætt verði undanþágum til innflutnings á garðfurum og reynt að takmarka eins og hægt er undanþágur fyrir rauðgreni. Á móti mætti fella niður bann við innflutningi á álmi (*Ulmus*) (viðauki III) þar sem álmur er ekki það þýðingarmikill í íslenskri skógrækt að réttlætjanlegt sé að vernda hann með innflutningsbanni.

## 2.2 Hvernig má minnka hættuna á að skaðvaldar sem koma inn nái fótfestu til frambúðar?

### 2.2.1 Inngangur

Plöntur eru annars vegar fluttar inn til sáningar eða útplöntunar hjá kartöflubændum og garðyrkjustöðvum og hins vegar beint til sölu til almennings. Þegar hættulegir skaðvaldar berast með þeim plöntum sem fara til bænda er yfirleitt meiri hættu á að þeir nái fótfestu og dreifist frekar en þegar þeir berast með plöntum sem fara beint til „neyslu“. Þannig er meiri hættu við innflutning á útsæðiskartöflum en matarkartöflum, meiri hættu við innflutning á græðlingum og smáplöntum til garðyrkjustöðva en þegar flutt eru inn afskorin blóm eða tilbúna pottaplöntur til sölu til almennings. Hins vegar gilda strangari reglur erlendis um ræktun þeirra plantna og plöntuhluta sem fara til bænda og með þeim er meira eftirlit. Því má segja að meiri líkur séu á að hættulegir skaðvaldar komi með þeim plöntum og plöntuafurðum sem teljast neysluvara og er ætlað beint til sölu. Mikilvægt er að girða fyrir smitleiðir frá slíkri neysluvaru til bænda. Nokkuð er um að sömu fyrirtækin flytji inn smáplöntur fyrir garðyrkjustöðvar og pottaplöntur og afskorin blóm til sölu og einnig eru dæmi um að pottaplöntur sem staðið hafa um tíma hjá heildsölum sem reglulega flytja inn söluplöntur fari aftur heim á stöðvarnar. Einnig má nefna að til eru dæmi um að innflutt afskorin blóm og greinar fari inn á garðyrkjustöðvarnar og eru þar notaðar í búnt ásamt eigin blómum.

Plöntur sem hingað eru fluttar koma fyrst og fremst frá N-Evrópu, einkum Hollandi, Belgíu og Danmörku. Plöntur þessar eru ýmist ræktaðar í þessum löndum eða öðrum löndum sunnar í Evrópu eða í öðrum heimsálfum. Fyrirtæki í Evrópu hafa síðustu áratugi í vaxandi mæli flutt ræktun sína til heitari svæða m.a. til Afríku og Ameríku. Með plöntunum koma síðan skaðvaldar frá þessum svæðum inn í ræktun í Evrópu. Nefna má sem dæmi sendingu af afskornum blómum er kom til landsins í upphafi ársins frá Hollandi. Hún samanstóð af 46 tegundum. Af þeim voru 18 frá Hollandi, 6 frá löndum í S-Evrópu, 3 frá N-Ameríku, 2 frá S-Ameríku, 7 frá Asíu og 10 frá Afríku. Öðru hvoru verða slys þar sem nýr skaðvaldur berst með smáplöntum og græðlingum og þá til margra landa um svipað leyti. Dæmi um þetta er blómakögurvængjan frá Kaliforníu og gangaflugur frá S-Ameríku. Þegar slíkt gerist er nær útilokað með innflutningseftirliti að koma í veg fyrir að þessir skaðvaldar sleppi hér inn en þeim mun mikilvægara að uppgötva þá eins fljótt og hægt er og útrýma þeim.

Í viðauka I við reglugerð 189/1990 eru ýmsir skaðvaldar sem ekki finnast hér eða hafa ekki enn náð almennri útbreiðslu en sem eru almennt útbreiddir í nágrennalöndum okkar. Þar er ekki alltaf litið á þá sem skaðvalda sem takmarka ber útbreiðslu á. Í slíkum tilvikum er hætt við að þeir geti borist með plöntum til okkar þrátt fyrir að heilbrigðisvottorð fylgi.

### 2.2.2 Ályktun

Lagt er til að sett verði sérstök reglugerð um varnir gegn plöntusjúkdómum og meindýrum er taki til sjúkdómavarna innanlands. Þar er lagt til að garðyrkjustöðvar, garðyrkjubændur og kartöflubændur sem hyggjast flytja inn útsæði eða plöntur til framhaldsræktunar þurfi til þess sérstakt leyfi. Leyfi þetta skal bundið ákveðnum skilyrðum eins og m.a. að fram fari nánar skilgreint innra eftirlit auk reglubundins opinbers eftirlits allt í þeim tilgangi að uppgötva eins fljótt og auðið er ef nýr og hættulegur skaðvaldur hefur sloppið inn með hinum innfluttu plöntum. Umfang

eftirlitsins getur verið breytilegt eftir áhættu sem m.a. ákvarðast af eðli ræktunar, tíðni innflutnings, nálægð við aðrar stöðvar með sams konar ræktun eða nálægð við grænmetisræktun o.fl..

## 2.3 Hvernig má bæta möguleika okkar á að útrýma skaðvöldum sem borist hafa til landsins.

### 2.3.1 Inngangur

Þegar upp hafa komið nýir skaðvaldar í plönturæktun hér á landi hefur verið reynt að gera varnarráðstafanir en þær hafa takmarkast við aðgerðir sem ræktandinn sjálfur hefur að mestu kostað auk eftirlits að hálfu Plöntueftirlitsins. Árið 1988 fannst hin svokallaða ameríska blómakögurvængja hér fyrst í gróðurhúsum. Ári síðar skipaði landbúnaðarráðuneytið þriggja manna vinnuhóp er gera skyldi tillögur um aðgerðir gegn útbreiðslu skaðvaldsins og útrýmingu. Vinnuhópurinn skilaði skýrslu sinni sama haust og lagði til aðgerðir er áætlað var að kostuðu um 6 milljónir kr. Svar ráðuneytisins á þeim tíma var að ekkert fé væri til í slíkar aðgerðir. Síðan hefur ekki verið reynt að fá fé í útrýmingaraðgerðir heldur tekið mið af því að slíkt fjármagn sé ekki fyrir hendi. Plöntueftirlit RALA hefur í nokkrum tilvikum keypt varnarefni og átt í geymslu og síðan afhent ræktendum endurgjaldslaust í baráttunni gegn tilteknum skaðvöldum. Tilgangurinn er að tryggja skjót viðbrögð til varnar. Í öðrum tilvikum hefur verið reynt að sjá til þess að varnarefni væru fáanleg fyrir ræktendur að kaupa. Afurðartjón hafa ræktendur borið sjálfir en ekki hefur verið lagt í að fyrirskipa eyðingu plantna þar sem vitað var að ekki yrði unnt að bæta afurðatjónið.

Nú er það svo að þegar nýr skaðvaldur uppgötvast hefur hann oft náð það mikilli útbreiðslu að útrýming verður erfið og kostnaðarsöm. Gæta þarf þess að leggja ekki út í dýrar aðgerðir nema líkur á árangri séu vænlegar. Fjöldmörg dæmi eru um það í nágrannalöndum okkar að lagt hefur verið í gífurlegan kostnað við útrýmingu en síðan hafa menn orðið að viðurkenna að baráttan væri töpuð. Hins vegar eru einnig dæmi þar sem nýr skaðvaldur uppgötvast þegar hann er bundinn við eina garðyrkjustöð og jafnvel eitt gróðurhús. Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt að geta brugðist við hratt og gripið til útrýmingaraðgerða og ef vel tekst til má oft spara ræktendum mikil útgjöld síðar meir.

### 2.3.2 Samanburður við dýrasjúkdóma

EKKI verður annað séð en plöntusjúkdómalögin heimili jafnt og dýrasjúkdómalögin að hið opinbera kosti útrýmingaraðgerðir gegn plöntu- og dýrasjúkdómum. Í 6. gr. plöntusjúkdómalaganna segir: *“Þegar um er að ræða samræmda herferð gegn ákveðnum skaðvaldi, er heimilt að greiða kostnað við hana úr ríkissjóði.”* Í lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim (nr. 25/1993) er það betur skilyrt að ríkissjóður skuli greiða slíkan kostnað. Þannig segir í 17. gr.: *“Ríkissjóður greiðir kostnað vegna einangrunar búffjár sem ákveðin er til varnar sjúkdómum sem taldir eru upp í viðauka I með lögum þessum, svo og efniskostnað vegna nauðsynlegrar hreinsunar og sótthreinsunar, einnig kostnað vegna aflífunar, eyðingar hræja og notkunar tækja sem þarf til fyrrgreindra verka. Ríkissjóður greiðir kostnað vegna einangrunar og gæslu svæða, enda sé einangrunin fyrirskipuð af landbúnaðarráðherra. Eigendum búffjár er skylt að leggja fram endurgjaldslaust alla ófaglega vinnu og aðstoð við hreinsun, sótthreinsun og aflífun dýra.”* Í 20. gr. segir m.a.: *“Eigendur búffjár, sem fargað er samkvæmt fyrirmælum landbúnaðarráðherra að tillögum yfirdýralæknis, eiga rétt á bótum úr ríkissjóði”.*

Sérstök reglugerð hefur verið sett um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar (nr. 583/1996). Þar er nánar fjallað um hvernig skuli bæta það tjón er bóndinn verður fyrir. Á fjárlögum er síðan frátekin ákveðin upphæð sem ætluð er til slíkra greiðslna.

Í 27. gr. dýrasjúkdómalaga er fjallað um dýrasjúkdómanefnd. Þar segir: *“Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna dýrasjúkdómanefnd til fjögurra ára í senn. Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda tilnefna sinn manninn hvor, en yfirdýralæknir skal vera formaður nefndarinnar. Dýrasjúkdómanefnd skal vera ráðgefandi um aðgerðir til útrýmingar dýrasjúkdómum og hvers konar sóttvarnir sem hefta útbreiðslu þeirra. Þá skal hún hlutast til um stofnun svæðisnefnda og hafa eftirlit með starfrækslu varnarlína og viðhaldi þeirra.”*

Engin tilsvarende nefnd finnst vegna plöntusjúkdóma. Í tvígang hefur ráðuneytið þó skipað vinnuhópa til að fjalla um plöntuskaðvalda auk þess hóps er að þessari skýrslu stendur. Sá fyrri var skipaður árið 1989 og var falið að fjalla um aðgerðir gegn blómakögurvængjunni í gróðurhúsum. Hann var skipaður þremur mönnum, Sigurði Þráinssyni frá Sambandi garðyrkjubænda, Sigurgeiri Ólafssyni frá RALA og Sveinbirni Eyjólfssyni frá landbúnaðarráðuneytinu. Seinni hópurinn var myndaður árið 1996 þegar móta þurfti afstöðu okkar til óskar Norðmanna um að EFTA-ríkin tækju upp viðræður við Evrópusambandið um að þau gerðust aðilar að löggjöf ES varðandi plöntuheilbrigði. Þann hóp skipuðu Guðmundur Halldórsson, Skógrækt ríkisins, Sigurður Þráinsson, Sambandi garðyrkjubænda og Sigurgeir Ólafsson, RALA ásamt Guðmundi Sigþórssyni frá landbúnaðarráðuneytinu.

### 2.3.3 Ályktun

Lagt er til að komið verði á fót þriggja manna nefnd er hafi svipað hlutverk varðandi plöntusjúkdóma og dýrasjúkdómanefnd varðandi dýrasjúkdóma. Hugsanlega má finna henni stað innan þeirrar reglugerðar um varnir gegn plöntusjúkdómum sem lagt er til að sett verði. Hlutverk hennar yrði m.a. að gera tillögu um útrýmingu á tilteknum skaðvöldum að loknu mati á kostnaði, hugsanlegum ávinningi og líkum á að árangur náist.

Nauðsynlegt er að tryggja eitthvert fé á fjárlögum til útrýmingaraðgerða svo hægt sé með litlum fyrirvara að taka ákvörðun um útrýmingaraðgerð eða skipuleggja slíka aðgerð í áföngum til nokkurra ára. Nánar skal kveða á um kostnaðargreiðslur í áður nefndri reglugerð.

## 3. Tillögur vinnuhópsins

- a) Endurskoða þarf reglugerð 189/1990 um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum og gera þar nokkrar breytingar m.a.
  - setja inn ákvæði vegna innflutnings notaðra búvéla og gróðurhúsa,
  - ítreka skyldu manna að tilkynna um skaðvalda er nefndir eru í viðauka I.
- b) Koma þarf betur á framfæri gagnvart almenningi og ferðamönnum hvaða reglur gilda hér um innflutning plantna og hvaða hætta fylgir því að brjóta þær reglur.
- c) Auka þarf tíðni vöruskoðana sérstaklega á smáplöntum og græðlingum til garðyrkjjustöðva og á útsæðiskartöflum.

- d) Lagt er til að hætt verði að veita undanþágur fyrir innflutningi á garðfurum (*Pinus mugo*) og reynt verði að takmarka eins og hægt er undanþágur fyrir rauðgreni-jólatré.
- e) Lagt er til að sett verði sérstök reglugerð um varnir gegn plöntusjúkdómum og meindýrum er taki til sjúkdómavarna innanlands. Meðal ákvæða þar væru m.a.
- garðyrkjustöðvar og kartöflubændur sem hyggjast flytja inn útsæði eða plöntur til framhaldsræktunar þurfa til þess sérstakt leyfi
  - leyfi þessi verði bundin skilmálum um innra og opinbert eftirlit
  - komið verði á fót sérstakri plöntusjúkdómanefnd er fjalla skal um útrýmingaraðgerðir
  - almennt um útrýmingu á skaðvöldum og hvernig kostnaður skuli greiddur
- f) Lagt er til að tryggt verði aukið fé til Plöntueftirlitsins og fé tekið frá á fjálögum til útrýmingaraðgerða

Reykjavík 7. febrúar 2000

---

Guðmundur Halldórsson

---

Helgi Jóhannesson

---

Magnús Ágústsson

---

Úlfur Óskarsson

---

Sigurgeir Ólafsson, formaður